



Bæjarstjórn Garðabæjar 5. (883)/2021

Boðað er til 5. (883). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 18. mars 2021 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2103011F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/3 '21.
2. 2103028F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/3 '21.
 - 2010333 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 7. Breyting á landnotkun v. búsetukjarna í Brekkuás
 - 2005435 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) varðandi lóðina við Brekkuás 2.
 - 2012070 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna Blikaness og Mávaness.
 - 2101220 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flata vegna lóðarinnar við Smáraflöt 4.
 - 2102132 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flata vegna lóðarinnar við Stekkjarflöt 25.
 - 2101295 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Lundahverfis vegna lóðarinnar við Espilund 3.
 - 1811125 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.
 - 2008336 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis í Urriðaholti 5.04 Vþ.
 - 1912215 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu varðandi brottfall deiliskipulags viðskiptastræti Urriðaholts.
 - 2102057 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Hólmatúns vegna lóðarinnar við Hólmatún 25.
 - 2010384 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð í Kumlamýri.



2004123 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir skólpðælustöð í Breiðumýri.

1806404 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stígs í Garðahrauni efra.

1910293 - Bréf Skipulagsstofnunar varðandi deiliskipulag Vetrarmýrar, dags. 25.02.21.

1906192 - Bréf Skipulagsstofnunar varðandi deiliskipulag norðurhluta Hnoðrahólts, dags. 25.02.21.

3. 2103020F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 12/3 '21.
4. 2103013F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 8/3 '21.
5. 2103007F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 4/3 '21.
6. 2103016F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 11/3 '21.
7. 2101044F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 4/3 '21.
8. 2103015F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 10/3 '21.
9. 2101346 - Fundargerð stjórnar SSH frá 1/3 '21.
10. 2102108 - Fundargerð Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 3/3 '21.
11. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 3/2 '21.
12. 2102441 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 5/3 '21.
13. 2103323 - Tillaga Garðabæjarlistans um flýtingu frumdraga á leið D í samgöngusáttmála Betri samgangna.
14. 2101004 - Kosning eins varamanns í fjölskylduráð.
15. 2101230 - Ráðning í starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs.
16. 2012333 - Ársreikningur Garðabæjar 2020 (Fyrri umræða)

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
4. (882). fundur 2021

Fimmtudaginn 4. mars 2021 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Ingvar Arnarson, Harpa Þorsteinsdóttir og Valborg Ösp Á Warén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 18. febrúar 2021 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2102031F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/2 '21.

Ingvar Arnarson, ræddi 13. tl., svar við fyrirspurn um kostnað vegna auglýsinga.

Gunnar Einarsson, ræddi 13. tl., svar við fyrirspurn um kostnað vegna auglýsinga.

Ingvar Arnarson, ræddi 14. tl., starfsáætlanir sviða.

Fundargerðin sem er 14 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2102047F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/3 '21.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 3. tl, Garðahverfi - kynningu á hugmyndafræði og þróun skipulags.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., Garðahverfi - kynningu á hugmyndafræði og þróun skipulags.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi, 3. tl., Garðahverfi - kynningu á hugmyndafræði og þróun skipulags og 4. tl., minnisblað varðandi verkefni Garðabæjar í stafrænni þróun.

Almar Guðmundsson, ræddi 3. tl, Garðahverfi - kynningu á hugmyndafræði og þróun skipulags, 5. tl., frumdrög að hönnun gatnamóta Garðahraunsvegur og Álfanesvegur.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 5. tl., frumdrög að hönnun gatnamóta Garðahraunsvegur og Álfanesvegur.

Ingvar Arnarson, ræddi 3. tl, Garðahverfi - kynningu á hugmyndafræði og þróun skipulags, 4. tl., minnisblað varðandi verkefni Garðabæjar í stafrænni þróun, 5. tl., frumdrög að hönnun gatnamóta Garðahraunsvegur og Álfanesvegur og 8. tl., umsókn Bjargs íbúðafélags um stofnframlag vegna fjölgunar almennra íbúða úr 17 í 22 að Maríugötu 5.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 3. tl, Garðahverfi - kynningu á hugmyndafræði og þróun skipulags og 5. tl., frumdrög að hönnun gatnamóta Garðahraunsvegur og Álfanesvegur.

Gunnar Einarsson, ræddi 5. tl., frumdrög að hönnun gatnamóta Garðahraunsvegur og Álfanesvegur.

Fundargerðin sem er 18 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 2102023F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 17/2 '21.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., úttekt á heimilum fatlaðs fólks í Garðabæ, 3. tl., stöðu biðlista í félagslegu leiguhúsnæði, 7. tl., heimili fyrir fötluð börn að Sigurhæð, 12. tl., sérfræðingateymi vegna barna með fjölpættan vanda.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., úttekt á heimilum fatlaðs fólks í Garðabæ, 2. tl., lýðræðisstefnu Garðabæjar og 3. tl., stöðu biðlista í félagslegu leiguhúsnæði.

Almar Guðmundsson, ræddi að nýju 3. tl., stöðu biðlista í félagslegu leiguhúsnæði.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., stöðu biðlista í félagslegu leiguhúsnæði.

Fundargerðin lögð fram.

4. 2102013F - Fundargerð leikskólanefndar frá 17/2 '21.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, 5. tl., styttingu vinnuvikunnar í leikskólum, 2. tl., íbúa- og þjónustukönnun Gallup, 1. tl., áskorun til sveitarfélaga um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum og 3. tl., framkvæmd öryggisúttektar á leikskólalóðum.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 4. tl., áherslupætti þróunarsjóðs leikskóla árið 2022 og 1. tl., áskorun til sveitarfélaga um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., áskorun til sveitarfélaga um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., áskorun til sveitarfélaga um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum og 3. tl., framkvæmd öryggisúttektar á leikskólalóðum.

Fundargerðin lögð fram.

5. 2101447 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 1/3 '21.

Sigurður Guðmundsson, ræddi tölulið 2.4, umsókn um starfsleyfi fyrir kaffihús að Vínatræti í Urriðaholti.

Fundargerðin lögð fram.

6. 2101346 - Fundargerð stjórnar SSH frá 15/2 '21.

Fundargerðin lögð fram.

7. 2001493 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 6/11 '20.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 2. tl., áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 2. tl., áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi að nýju 2. tl., áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns.

Fundargerðin lögð fram.

8. 2102441 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 15/1 '21.

Fundargerðin lögð fram.

9. 2102249 - Fundargerðir stjórnar SHS frá 24/2 og 26/2 '21.

Fundargerðin lögð fram.

10. 2101300 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 19/2 '21.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., innleiðingu rafræns greiðslukerfis.

Fundargerðin lögð fram.

11. 2102108 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. frá 17/2 '21.

Björg Fenger, ræddi 4. tl., þjónustusamning milli sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna og erindi um bætta aðstöðu fyrir skíðagöngu.

Gunnar Einarson, ræddi 4. tl., þjónustusamning milli sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna og erindi um bætta aðstöðu fyrir skíðagöngu.

Björg Fenger, ræddi erindi um bætta aðstöðu fyrir skíðagöngu og vakti athygli á tillögu ÍTG um að bæta aðstöðuna innanbæjar þegar slík skilyrði eru fyrir hendi.

Fundargerðin lögð fram.

12. 2102266 - Tilnefningar á fulltrúum í skólanefnd Fjölbrautaskólans í Garðabæ.

Bæjarstjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi aðila í skólanefnd Fjölbrautaskólans í Garðabæ.

Aðalfulltrúar: Áslaug Hulda Jónsdóttir, Heiðarlundi 7 og Sara Dögg Svanhildardóttir, Mosagötu 7.

Varafulltrúar: Almar Guðmundsson, Stekkjarflöt 15 og Hannes Ingi Geirsson, Melási 2.

13. 2103060 - Tillaga um rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A.

Sigurður Guðmundsson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Bæjarstjórn samþykkir að hafin verði skipulagsvinna á rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A, Lyngás, Miðbær og Hafnarfjarðarvegur, sem skilgreint er í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Þá verði samhliða hafin vinna við deiliskipulag fyrir Álftanesveginn frá Engidal að Reykjanesbraut.“

Greinargerð:

Árið 2016 var haldin hugmyndasamkeppni um rammaskipulag svæðisins við Hafnarfjarðarveg. Höfundar vinningstillögunnar voru Batteríið, Landslag og Mannvit sem unnu tillöguna áfram og var að lokum samþykkt sem rammaskipulag árið 2017.

Í gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er svæðið skilgreint sem þróunarsvæði A. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, er svæðið skilgreint sem bæjarkjarni þar sem gert er ráð fyrir einni biðstöð borgarlínu.

- Bæjarkjarni í svæðisskipulagi er skilgreindur sem svæði með fjölbreyttri starfsemi; þjónustufyrirtæki, verslanir, skrifstofur og afþreying sem þjónar heilu sveitarfélagi eða hverfishluta. Gera skal ráð fyrir a.m.k. einni stoppistöð hágæðakerfis almenningssamgangna, Borgarlínu, og góðu aðgengi að strætisvagnaleiðum. Þéttleiki er mikill. Íbúðarhúsnæði þarf að vera fjölbreytt að gerð og eignarhaldi, ávallt skal hluti íbúða vera á viðráðanlegu verði. Gott aðgengi að almenningsgörðum og góðum almenningssýmum og/eða náttúruríkum svæðum. Göngu- og hjólavænt umhverfi sem er skjólgott, gleður augað og hvetur til útiveru.
- Borgarlínan er hágæða almenningssamgangnakerfi sem mun aka að mestu í sérrými og hafa forgang á gatnamótum. Þannig styttest ferðatími og tíðni ferða eykst. Borgarlínunni má líkja við slagæð sem flytur fólk á greiðan og öruggan máta eftir helstu samgöngu- og þróunarásum höfuðborgarsvæðisins. Borgarlínan og Strætó verða tvinnuð saman í heildstæðu, hágæða leiðaneti en auk þess verður áhersla lögð á að borgarlínustöðvar séu vel tengdar hjóla- og göngustígum.

Svæðið er vel staðsett, það er í nálægð við grunnþjónustu sveitarfélagsins s.s. grunnskóla, leikskóla og íþróttasvæði. Stutt er í opin svæði og leiksvæði ásamt því að vera í mikilli nálægð við stofnæðar og almenningssamgöngur. Mikilvægt er að áhersla verði á blandaða byggð, gæði borgarrýmis og mannlífs og borgarlínu í skipulagsvinnunni.

Lagt er til að hafin verði vinna á tækni- og umhverfissviði að undirbúa skipulagsvinnu á rammahluta aðalskipulags á þróunarsvæði A, Lyngás, Miðbær og Hafnarfjarðarvegur. Þar sem lögð verður fram tillaga að skipulagslýsingu fyrir rammahluta aðalskipulags á þróunarsvæði A þar sem m.a. verður áhersla á blandaða byggð, gæði borgarrýmis og mannlífs auk borgarlínu í tengslum við flutning Hafnarfjarðarvegur í stokk. Jafnframt verði lögð fram tillaga að skipulagslýsingu vegna deiliskipulags fyrir Álfanesveginn frá Engidal að Reykjanesbraut.

Skipulagsvinnuna þarf að vinna í samvinnu við SSH, verkefnastofu Borgarlínu, Vegagerðina, Betri samgöngur ohf. og Hafnarfjarðabæ, auk þess sem íbúar Garðabæjar munu koma að skipulagsvinnslunni í samræmi við skipulagslög.

Ingvar Arnarsson, tók til máls um framkomna tillögu og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Við í Garðabæjarlistanum fögnum þessari tillögu og teljum þetta mikilvægt skref sem hefði mátt byrja að vinna mun fyrr. Við gerum jafnframt athugasemdir við hversu lítið hefur verið fjallað um vinningstillöguna frá árinu 2016 og hversu litla aðkomu skipulagsnefnd hefur haft við gerð þessarar tillögu sem hér er lögð fram. Þ.a.l. leggjum við til að tillögunni verði vísað til skipulagsnefndar.“

Sigurður Guðmundsson, tók til máls um framkomna tillögu og framlagða bókun.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls um framkomna tillögu og framlagða bókun.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða framkomna tillögu.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 4. mars 2021 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Erfríðdóttir

Ólafur Ólafsson

Asa Ólafsdóttir

Ólafur Ólafsson
Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Fundargerð bæjarstjórnar 4. mars 2021 var í fundar lesin upp og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa

Sigurður Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Valborg Ösp Á Warén, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
9. (1967). fundur 2021

Þriðjudaginn 9. mars 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, yfirfélagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2102535 - Óleyfisbúseta og fjöldaskráningar í íbúðarhúsnæði - kynning á niðurstöðum vinnuhóps.

Á fund bæjarráðs kom Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og kynnti niðurstöður vinnuhóps varðandi óleyfisbúsetu og fjöldaskráningar í íbúðarhúsnæði.

Gerði Jón Viðar grein fyrir að óleyfisbúseta væri skilgreind búseta í húsnæði sem er skipulagt undir atvinnustarfsemi. Fram kom hjá Jóni Viðari að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur skipað starfshóps sem vinnur að gerð tillagna um úrbætur að fengnum niðurstöðum rannsóknar á bruna við Bræðraborgarstíg og vinnuhóps um óleyfisbúsetu og fjöldaskráningar í íbúðarhúsnæði.

Fyrir liggja tillögur í 11 liðum um úrbætur í þessu sviði þar sem m.a. er lagt til að endurskoðaðar verði heimildir til fjöldaskráninga lögheimilis í íbúðarhúsnæði með það í huga að setja takmörk á slíkar skráningar, að lögfest verði skráningarskylda leigusamninga í húsnæðisgrunn Húsnæðis og mannvirkjastofnunar og að leitað verði leiða til þess að ná fram með einhverjum hætti skráningu á búsetu einstaklinga í óleyfisbúðum.

2. 2102543 - Upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um ofgreiðslu staðgreiðslu 2020/2021.

Lagðar fram upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytinu um ofgreiðslu staðgreiðslu til sveitarfélaga. Ofgreiðsla verður dregin frá greiðslum til sveitarfélaga með þremur afborgunum í uppgjörum í mars, apríl og maí. Ofgreiðsla staðgreiðslu í tilviki Garðabæjar er um 230,0 mkr.

Lagt fram yfirlit yfir staðgreiðslu útsvars tímabilið janúar - febrúar 2021.

3. 2101411 - Sveinskotsvör 8 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vigdísí Björgu Segatta, kt. 210386-2899, leyfi til að byggja einbýlishús að Sveinskotsvör 8.

4. 2101165 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögur að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs og tillögu að deiliskipulagi.

Lögð fram.

5. **2009193 - Tillaga um framlengingu á umsóknarfresti vegna íþrótt- og tómstundastyrkja.**
Bæjarráð samþykkir tillögu um framlengingu umsóknarfrests til 15. apríl 2021.
6. **2006465 - Áfrýjunarstefna til Landsréttar á dómi Héraðsdóms Reykjaness vegna kröfu ógildingar á úrskurði yfirfasteignamatsnefndar.**
Lögð fram.

Bæjarráð felur Andra Árnasyni, lögmanni að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.
7. **2103109 - Bréf Jafnréttisstofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar á sveitarfélög, dags. 02.03.21**
Lagt fram til kynningar,
8. **2103132 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi tilnefningu á fulltrúum í stafrænan samráðshóp, dags. 04.03.21.**
Bæjarráð samþykkir að tilnefna bæjarfulltrúana, Almar Guðmundsson og Ingvar Arnarson, fulltrúa Garðabæjar í stafrænan samráðshóp SSH.
9. **2103143 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um tilnefningu á fulltrúa í ráðgjafahóp um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið, 05.03.21.**
Bæjarráð samþykkir að tilnefna Huldu Hauksdóttir, upplýsingastjóra, fulltrúa Garðabæjar í ráðgjafahóp um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið.
10. **2103131 - Bréf Knattspyrnufélagsins Bjarnastaða (KFB) varðandi styrkbeiðni vegna reksturs meistaraflokks, dags. 03.03.21..**
Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu íþrótt- og tómstundaráðs.
11. **2103046 - Bréf Brynju leigufélags varðandi umsókn um stofnframlag vegna ársins 2021, dags. 22.02.21.**
Bæjarráð tekur jákvætt í umsóknina og vísar henni til nánari skoðunar bæjarstjóra.
12. **2103140 - Bréf Nýsköpunarvikunnar ehf. um árlegt framlag vegna Nýsköpunarvikunnar, dags 05.03.21.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar bæjarstjóra og til umfjöllunar hjá stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
13. **2103138 - Bréf Gunnars Jónssonar varðandi gatnamál að Hleinahverfi, dags. 02.03.21.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara bréfinu.
14. **2103145 - Ársreikningur Sorpu bs. 2020.**
Lagður fram.
15. **2103139 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7 1998 (menntun og eftirlit), 562. mál., dags. 04.03.21**
Lagt fram.

16. 2103061 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5 1998, með síðari breytingum (kosningaaldur), 272. mál., dags. 02.03.21.
Lagt fram.

17. 2102297 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um Garðahverfi.
Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara fyrirspurninni.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 9. mars 2021 er lesin upp í lok fundar og undirrituð af viðstöddum bæjarráðsfulltrúum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
10. (1968). fundur 2021

Þriðjudaginn 16. mars 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, yfirfélagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2012333 - Ársreikningur Garðabæjar 2020.

Magnús Jónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og Þorbjörg Kolbeinsdóttir, deildarstjóri bókhalds mættu á fund bæjarráðs. Magnús Jónsson gerði grein fyrir rekstri bæjarins á árinu 2020, efnahagsreikningi í árslok og skýringum í ársreikningi. Fjallað var um lykiltölur og helstu niðurstöður.

Lögð fram og kynnt drög að endurskoðunarskýrslu.

Bæjarráð samþykkir framlagðan ársreikning Garðabæjar 2020 samkvæmt 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningur er undirritaður og vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar. Fyrri umræða í bæjarstjórn er fyrirhuguð á fundi bæjarstjórnar 16. mars 2021 og síðari umræða á fundi bæjarstjórnar 15. apríl 2021.

Bæjarfulltrúarnir, Jóna Sæmundsdóttir og Gunnar Valur Gíslason, sátu fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

2. 2010333 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 7. Breyting á landnotkun v. búsetukjarna í Brekkuás

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna breyttrar landnotkunar á reit 2.06 við Brekkuás sem breytist úr svæði fyrir samfélagsþjónustu í svæði fyrir íbúðabyggð.

Eiríkur Björn Björgvinsson, vék af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins.

3. 2005435 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) varðandi lóðina við Brekkuás 2.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr., sbr. 2. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) vegna breytinga á skilgreiningu á lóðinni við Brekkuás 2 sem breytist úr lóð fyrir samfélagsþjónustu í lóð fyrir íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir að á lóðinni verði búsetukjarni fyrir fatlað fólk.

Eiríkur Björn Björgvinsson, vék af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins.

4. **2012070 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna Blikaness og Mávaness.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að falla frá breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna stækkunar byggingarreita lóða ofan við götu við Blikanes og Mávanes. Tillagan var kynnt samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og komu fram almenn mótmæli íbúa gagnvart tillögunni.
5. **2101220 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flata vegna lóðarinnar við Smáraflöt 4.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flata í tilefni umsóknar um að heimilað verði að bygging við lóðarmörk lóðarinnar við Smáraflöt 4 verði 11,8 m á lengd en í skilmálum er heimiluð lengd 7,5 m. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Smáraflatar 1,2,4,5 og 6 og Stekkjarflatar 5,7 og 9.
6. **2102132 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flata vegna lóðarinnar við Stekkjarflöt 25.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flata í tilefni umsóknar um viðbyggingu sem fer út fyrir byggingarreit lóðarinnar við Stekkjarflöt 25. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Smáraflatar 20 og 22 og Stekkjarflatar 20,21,22 og 23.
7. **2011349 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flata vegna lóðarinnar við Bakkaflöt 12.**
Bæjarráð samþykkir með vísan til 3. ml. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að samþykkt tillaga um breytingu á deiliskipulagi Flata vegna lóðarinnar við Bakkaflöt 12 verði send til meðferðar Skipulagsstofnunar enda voru ekki gerðar neinar athugasemdir við tillöguna í athugasemdafresti auglýsingar.
8. **2101295 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Lundahverfis vegna lóðarinnar við Espilund 3.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Lunda í tilefni umsóknar um stækkun byggingarreits lóðarinnar við Espilund 3. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Espilundar 1,2,4,5 og 6 og Víðilundar 2,4 og 6.
9. **1811125 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.**
Bæjarráð samþykkir samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um deiliskipulag 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts sem er svæði fyrir nýja íbúðarbyggð og atvinnustarfsemi norðan við Urriðaholtsstræti auk útivistarsvæðis næst Flóttamannaveginum. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr. 1. mgr. 41. gr. og var samhliða auglýst breyting á aðalskipulagi. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Skipulagsnefnd samþykkti að til að koma á mótis við athugasemdir um útsýnisskerðingu að leggja til eftirfarandi breytingar við auglýsta tillögu.

Miðhluti fjölbýlishúss við Urriðaholtsstræti 9 er 2 hæðir og verður feldur út glertengigangur á 3. og 4. hæð.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

10. 2008336 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis í Urriðaholti 5.04 Vp.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar samkvæmt 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 36. gr. laganna, um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er nær til landnotkunarreits í Urriðaholti sem er merktur 5.04 Vp. Í tillögunni er gert ráð fyrir að á svæðinu verði heimiluð íbúðarbyggð ásamt atvinnuhúsnæði. Íbúðarhúsnæði skal vera innan 50% af heildarbyggingarmagni. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga og samhliða var auglýst tillaga að deiliskipulagi fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun til meðferðar samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga og jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

11. 1912215 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu varðandi brottfall deiliskipulags viðskiptastræti Urriðaholts.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fella úr gildi deiliskipulag Viðskiptastrætis Urriðaholts samhliða samþykkt á deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.

12. 2102057 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Hólmatúns vegna lóðarinnar við Hólmatún 25.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Hólmatúns í tilefni umsóknar um leyfi fyrir smáhýsi á lóðinni við Hólmatún 25. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Hólmatúns 6.8.10.10a,23a,24,26 og 29.

13. 2010384 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð í Kumlamýri.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna gatnagerðar í Kumlamýri. Framkvæmdin er í samræmi við samþykkt deiliskipulag fyrir Kumlamýri.

14. 2004123 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir skólpadælustöð í Breiðumýri.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir skólpadælustöð í Breiðumýri. Framkvæmdin er í samræmi við samþykkt deiliskipulag fyrir Breiðumýri.

15. 1806404 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stígs í Garðahrauni efra.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lagningu útivistarstígs í Garðahrauni efra. Um er að ræða stíg milli Molduhrauns og Flata að Bæjargarði og einnig

hliðarstíg frá þeim stíg við norðurmörk Molduhrauns að vegstæði fyrirhugaðs Álfanesvegar. Framkvæmdin er í samræmi við samþykkt deiliskipulag Bæjargarðs og Garðahraun efra ? fólkvangur.

Samkvæmt 10. gr. auglýsingar um stofnun fólkvangsins í Garðahrauni, Vífilstaðahrauni og Maríuhellum í Garðabæ nr. 510/2014 þarf að liggja fyrir leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda innan marka fólkvangsins.

- 16. 2102372 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi vinnslutillögu fyrir breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og Reykjavíkur 2010-2030 vegna Borgarlínu.**
Lögð fram.

- 17. 2011215 - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun Lyklafellslínu 1 og Ísallínu 3, dags. 05.03.2021.**
Lögð fram ákvörðun Skipulagsstofnunar þar sem fallist er á tillögu Landsnets að matsáætlun vegna Lyklafellslínu 1 og Ísallslínu 3, með athugasemdum sem tilgreindar eru í átta liðum.

- 18. 1910293 - Bréf Skipulagsstofnunar varðandi deiliskipulag Vetrarmýrar, dags. 25.02.21.**
Í bréfinu kemur fram að Skipulagsstofnun hefur yfirfarið gögn vegna deiliskipulags Vetrarmýrar og gert athugasemdir í átta liðum.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að fallast á athugasemdir Skipulagsstofnunar og uppfæra deiliskipulagsgögn í samræmi við þær.

- 19. 1906192 - Bréf Skipulagsstofnunar varðandi deiliskipulag norðurhluta Hnoðrahólts, dags. 25.02.21.**
Í bréfinu kemur fram að Skipulagsstofnun hefur yfirfarið gögn vegna deiliskipulags norðurhluta Hnoðrahólts og gert athugasemdir í sex liðum.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að fallast á athugasemdir Skipulagsstofnunar og uppfæra deiliskipulagsgögn í samræmi við þær.

- 20. 1910294 - Bréf Skipulagsstofnunar varðandi deiliskipulag Rjúpnadals, dags. 25.02.21.**
Í bréfinu kemur fram að Skipulagsstofnun hefur yfirfarið gögn deiliskipulags Rjúpnadals og gerir ekki athugasemdir við að deiliskipulagið verði staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

- 21. 1902106 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi tilnefningu fulltrúa í starfshóp vegna undirbúnings friðlýsingar strandlengju Álfтанess, dags. 10.03.21.**
Bæjarráð samþykkir að tilnefna Guðbjörgu Brá Gísladóttur, deildarstjóra umhverfis og framkvæmda sem fulltrúa Garðabæjar í samstarfshóp sem vinna mun að undirbúningi friðlýsingar strandlengju Álfтанess.

- 22. 2101335 - Betri Garðabær - hugmyndasöfnun - íbúakosning 2021.**
Upplýsingastjóri gerði grein fyrir að alls hafa borist um 250 hugmyndir í hugmyndasöfnun að Betri Garðabæ. Matshópur frá tækni- og umhverfissviði er að fara yfir hugmyndirnar og mun gera tillögu til bæjarráðs um kjörseðil vegna rafrænna kosninga sem fyrirhugaðar eru frá 26. maí til 7. júní.

Lagðar fram uppfærðar reglur um rafrænar kosningar 2021.

23. 2103211 - Bréf UMF Stjórnunnar varðandi rekstur Garðaholts, dags. 09.03.21.
Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfitara
24. 2103190 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (samþætting þjónustu, hlutverk o.fl.), 561. mál., dags. 08.03.21.
Lagt fram.
25. 2103221 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um brottfall laga um Kristnisjóð o.fl., nr. 35 1970, með síðari breytingum., 470. mál., dags. 09.03.21.
Lagt fram.
26. 2103185 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablaðið og aukatekjur ríkissjóðs (gjaldfrjáls rafræn útgáfa), 273. mál., dags. 08.03.21.
Lagt fram.
27. 2103257 - Bréf Hringleiks varðandi styrk vegna sirkussýninga, ódags.
Bæjarráð vísar bréfinu til /afgreiðslu menningar- og safnanefndar.
28. 2103259 - Tilkynning frá félagsmálaráðuneytinu varðandi átaksverkefni til að efla félagsstarf fullorðinna í samvinnu við sveitarfélögin, dags. 04.03.21.
Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar í fjölskylduráði, öldungaráði og íþrótt- og tómstundaráði.
29. 1902222 - Sala lóða í Vetrarmýri.
Bæjarstjóri kynnti drög að forvalsskilmálum fyrir ráðgjafarþjónustu vegna úthlutunar og sölu byggingarréttar í Vetrarmýri.
30. 2101230 - Umsóknir um starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs.
Á fundinn mætti Inga Þóra Þórisdóttir, mannauðsstjóri og gerði grein fyrir úrvinnslu umsókna um starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Fram kom að alls bárust 14 umsóknir um starfið. Farið var yfir allar umsóknir og lagt mat á umsækjendur út frá þeim menntunar- og hæfniskröfum sem tilgreindar voru í auglýsingu. Fimm umsækjendur voru boðaðir í viðtöl og sömu fimm einstaklingar fluttu 15 mínútna kynningu og sátu fyrir svörum í framhaldi.

Embættismenn aðrir en bæjarritari og bæjarstjóri véku af fundi undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 16. mars 2021 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar

29. fundur 2021

Föstudaginn 12. mars 2021 kl. 15:00 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður og Kári Jónsson íþróttta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 2102203 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir að Pétur Fannar Gunnarsson dansari 040298-2159 hlýtur afrekssstyrk ÍTG að upphæð kr. 150.000,-
- 2. 1807125 - Þjónustusamningur um Mýrina**
Lagt fram til kynningar
- 3. 2102186 - Húsnæðismál Taflfélags Gb**
Taflfélagið fær aðstöðu í "hátiðarsal" íþróttahússins á Álftanesi 1x í viku til að byrja með.
- 4. 2103131 - Styrkbeiðni vegna reksturs meistaraflokks.**
Íþrótttafulltrúa falið að óska eftir nánari upplýsingum um félagið sem og fjárhag þess.
- 5. 2001317 - Rekstrarstyrkir KFG 2020**
Formanni og íþrótttafulltrúa falið að skoða málið nánar og óska eftir upplýsingum um fjárhag félagsins fyrir árið 2020.
- 6. 2103220 - Opnun og vígsla fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri**
Í undirbúningi er dagskrá fyrir opnun og vígslu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri. Áætluð tímasetning er í febrúar og mars 2022. Dagskráin mun undirstrika fjölbreytta notkunarmöguleika hússins fyrir alla aldurshópa.

Önnur mál:

- a. Kynning á hugmyndum um Stjörnuhlaup sem verður haldið 29. maí nk.
- b. Rætt um samninga við félög eldri borgara.
- c. Greint frá að til standi að hafa kynningu fyrir frjáls félög í nýja fjölnota íþróttahúsinu í Vetrarmýri.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
29. fundur 2021

Mánudaginn 8. mars 2021 kl. 16:00 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar Fjarfundur.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2103144 - Útibú bókasafns í Urriðaholti og Álfanesi og kynning á breytingum á aðalsafni

Gestur fundarins, Margrét Sigurgeirsdóttir forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar, gerði grein fyrir stöðu mála á útibúum bókasafnsins í Urriðaholti og Álfanesi. Lagt upp með að opnunartími á Álfanesi verði samfelldur að loknum skólatíma og auk þess verði safnið opið einn laugardag í mánuði. Stefnt að opnun Urriðaholtssútibús fyrir almenning um áramót 21/22. Margrét greindi frá ánægju með breytingar á aðalsafni sem gerir móttöku skólahópa auðveldari.

2. 2101142 - Menningardagskrá v. vígslu fjölnota íþróttahúss

Eiríkur Björn Björgvinsson sviðstjóri fræðslu- og menningarsviðs greindi frá stöðu mála í undirbúningi stórtónleika í tilefni vígslu fjölnota íþróttahúss vorið 2022. Verið er að vinna að kostnaðaráætlun og viðræður hafnar við umboðsmann tónlistarmanna.

3. 2009056 - Íbúakönnun - þjónustukönnun Gallup 2020

Rætt um niðurstöður þjónustukönnunar sem Gallup gerði í lok árs 2020. Farið var yfir niðurstöður könnunarinnar sem snúa að menningarmálum.

4. 2102115 - Jazzhátíð Garðabæjar 2021

Menningarfulltrúi kynnti samstarfssamning við Sigurð Flosason vegna skipulagningar Jazzhátíðar Garðabæjar sem undirritaður verður á allra næstu dögum. Einnig voru hugsanlegir dagskrárlíðir næstu Jazzhátíðar kynntir en hún mun fara fram 22. - 25. apríl nk.

5. 2101137 - Barnamenningarhátíð í Garðabæ 2021

Menningarfulltrúi kynnti dagskrá Barnamenningarhátíðar í Garðabæ sem fer fram dagana 19. - 24. apríl. Dagskráin skiptist í langtímaverkefni, skólahópadagskrá og fjölskyldudagskrá. Langtímaverkefnum lýkur með sýningum, annarsvegar á 500 leirfuglum barna sem sótt hafa smíðjur í Hönnunarsafni Íslands og hinsvegar myndskreyttum ljóðum leikskólabarna á Bókasafni Garðabæjar. Dagskrá fyrir 1., 3., 5., 7. bekk auk unglingastígs fer fram í Hönnunarsafni, Bókasafni Garðabæjar og á yfirbyggðum svæðum á Garðatorgi. Fjölskyldudagskrá laugardaginn 24. apríl fer einnig fram á Bókasafni, Hönnunarsafni, á yfirbyggðum svæðum og í Tónlistarskóla Garðabæjar. Markmið hátíðarinnar er að gefa börnum tækifæri á að taka þátt í að skapa og njóta menningar í sínu nærumhverfi.

6. 2101141 - Önnur menningarmál

Menningarfulltrúi gerði grein fyrir fyrirlestri sem hún hélt fyrir nema Háskóla Íslands í safnafræði þar sem menningarstarf í Garðabæ var kynnt.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
3. fundur 2021

Fimmtudaginn 4. mars 2021 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur og Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2102129 - Borgarlínan - frumdrög að fyrstu lotu.

Hrafnkell Á Proppé verkefnastjóri Borgarlínu og gerði grein fyrir frumdragaskýrslu sem komin er út og fjallar um 1. lotu verkefnisins - forsendur og frumdrög.

2. 2101165 - Tillögur að breyttu Aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi - Miðbær, Hamraborg, Fannborgarreitur, Traðarreitur vestur.

Bjarki Valberg umhverfisfulltrúi og Auður D.Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi hjá Skipulagsdeild Kópavogs gerðu grein fyrir tillögum að breyttu aðalskipulagi og deiliskipulagi Miðbæjar Kópavogs, Hamraborgar.

Skipulagsnefnd Garðabæjar leggur áherslu á að tillögurnar taki tillit til þess með hvaða hætti leiðir Borgarlínunnar til austurs og vesturs og norðurs og suðurs tengist saman á skilvirkan og skynsamlegan hátt og þá í sömu hæðarlegu. Einnig leggur nefndin áherslu á að vel unnar umferðarspár- og greiningar verði lagðar til grundvallar með það að markmiði að ekki verði dregið úr afkastagetu Hafnarfjarðarvegar með fyrirhugaðir uppbyggingu í Miðbæ Kópavogs.

3. 2101377 - Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri kynnti Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 sem unnin hefur verið af VSÓ og niðurstöður hennar.

Skipulagsnefnd telur að hér sé um vel unna, yfirgripsmikla og mikilvæga áætlun að ræða sem mun nýtast sem stjórnborð og leiðsögn um uppbyggingu næstu ára. Skipulagsnefnd tekur undir bókun svæðisskipulagsnefndar frá 15.janúar sl.

4. 2103085 - Reykjanesbraut. Undirbúningur fyrir skipulagsvinnu.

Skipulagsstjóri kynnti frumathugun verkfræðistofunnar Verkís á breikkun Reykjanesbrautar frá Breiðholtsbraut að Kaplakrika sem unnin hefur verið að beiðni Vegagerðarinnar. Þar kemur í ljós að unnt verður að breikka brautina um 2 akreinar í hvora átt sem er mikilvægt innlegg í allar áætlanir um uppbyggingu í austurhluta Garðabæjar.

Í skýrslunni er einnig lagðar til útfærslur á mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar annarsvegar við Vífilsstaðaveg og hinsvegar við Álftanesveg/Ofanbyggðarveg.

Skipulagsnefnd leggur áherslu á að hugað verði að undirbúningi gerðar deiliskipulags fyrir Reykjanesbraut í Garðabæ. Þá þarf m.a. að huga að göngu- og hjólatengingu frá Urriðaholti yfir og/eða undir Reykjanesbraut.

Lúðvík Steinarsson vék af fundi klukkan 9.30.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
4. fundur 2021

Fimmtudaginn 11. mars 2021 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2103060 - Tillaga um rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A.

Sigurður Guðmundsson gerði grein fyrir tillögu sinni sem samþykkt hefur verið í bæjarstjórn:

"Bæjarstjórn samþykkir að hafin verði skipulagsvinna á rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A, Lyngás, Miðbær og Hafnarfjarðarvegur, sem skilgreint er í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Þá verði samhliða hafin vinna við deiliskipulag fyrir Álfanesveginn frá Engidal að Reykjanesbraut."

Greinargerð:

Árið 2016 var haldin hugmyndasamkeppni um rammaskipulag svæðisins við Hafnarfjarðarveg. Höfundar vinningstillögunnar voru Batteríð, Landslag og Mannvit sem unnu tillöguna áfram og var að lokum samþykkt sem rammaskipulag árið 2017.

Í gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er svæðið skilgreint sem þróunarsvæði A. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, er svæðið skilgreint sem bæjarkjarni þar sem gert er ráð fyrir einni biðstöð borgarlínu.

-Bæjarkjarni í svæðisskipulagi er skilgreindur sem svæði með fjölbreyttri starfsemi; þjónustufyrirtæki, verslanir, skrifstofur og afþreying sem þjónar heilu sveitarfélagi eða hverfishluta. Gera skal ráð fyrir a.m.k. einni stoppistöð hágæðakerfis almenningssamgangna, Borgarlínu, og góðu aðgengi að strætisvagnaleiðum. Þéttleiki er mikill. Íbúðarhúsnæði þarf að vera fjölbreytt að gerð og eignarhaldi, ávallt skal hluti íbúða vera á viðráðanlegu verði. Gott aðgengi að almenningsgördum og góðum almenningsrýmum og/eða náttúruríkum svæðum. Göngu- og hjólavænt umhverfi sem er skjólgott, gleður augað og hvetur til útiveru.

-Borgarlínan er hágæða almenningssamgangnakerfi sem mun aka að mestu í sérrými og hafa forgang á gatnamótum. Þannig styttest ferðatími og tíðni ferða eykst. Borgarlínunni má líkja við slagæð sem flytur fólk á greiðan og öruggan máta eftir helstu samgöngu- og þróunarásum höfuðborgarsvæðisins. Borgarlínan og Strætó verða tvinnuð saman í heildstæðu, hágæða leiðaneti en auk þess verður áhersla lögð á að borgarlínustöðvar séu vel tengdar hjóla- og göngustígum.

Svæðið er vel staðsett, það er í nálægð við grunnþjónustu sveitarfélagsins s.s. grunnskóla, leikskóla og íþróttasvæði. Stutt er í opin svæði og leiksvæði ásamt því að vera í mikilli nálægð við stofnæðar og almenningssamgöngur. Mikilvægt er að áhersla

verði á blandaða byggð, gæði borgarrýmis og mannlífs og borgarlínu í skipulagsvinnunni.

Lagt er til að hafin verði vinna á tækni- og umhverfisviði að undirbúa skipulagsvinnu á rammahluta aðalskipulags á þróunarsvæði A, Lyngás, Miðbær og Hafnarfjarðarvegur. Þar sem lögð verður fram tillaga að skipulagslýsingu fyrir rammahluta aðalskipulags á þróunarsvæði A þar sem m.a. verður áhersla á blandaða byggð, gæði borgarrýmis og mannlífs auk borgarlínu í tengslum við flutning Hafnarfjarðarvegur í stokk. Jafnframt verði lögð fram tillaga að skipulagslýsingu vegna deiliskipulags fyrir Álftanesveginn frá Engidal að Reykjanesbraut.

Skipulagsvinnuna þarf að vinna í samvinnu við SSH, verkefnastofu Borgarlínu, Vegagerðina, Betri samgöngur ohf. og Hafnarfjarðabæ, auk þess sem íbúar Garðabæjar munu koma að skipulagsvinnslunni í samræmi við skipulagslög.

Skipulagsnefnd tekur undir bókun bæjarstjórnar og vísar málinu til undirbúnings hjá tækni-og umhverfisviði.

Baldur Ó. Svavarsson lagði fram eftirfarandi bókun:

"Undirritaður fagnar framkominni tillögu og mikilvægu skrefi í átt að þéttingar byggðar við Borgagarlínu. Furða mig hins vegar á ferli málsins sem ekkert hefur komið til umræðu í nefndinni sl. 2 ár, en birtist nú skyndilega sem tillaga í bæjarstjórn. Að öllu eðlilegu hefði Skipulagsnefnd átt að vera fyrsti viðkomustaður til kynningar og umræðu og þaðan vísað til bæjarstjórnar. Nema að það sé ásetningur meirihlutans líkt og kanski verið hefur að skipulagsnefnd bæjarins verði aðeins formlegur viðkomustaður tilagna og gæluverkefna meirihlutans til samþykktar þegar hentar.

Þá er einnig sérstakt við framsetningu þessarar tillögu að samdægurs kynnir meirihlutinn með klukkustundar fyrirlestri í bæjarráði, sérstakt gæluverkefni þ.e.

Garðahverfisskipulagið og að úthlutun hefjist á lóðum þar, í einhverju dreifbýlasta skipulagssvæði norðan Alþafjalla. 30 íbúðir á 80 hektra, dreift nær skipulagslaust um túnin þar. Skipulag sem aldrei mun nást að fylgja eftir sem því Disneylandi fortíðar sem þarna er stefnt að. Á þessum hluta Garðaholts mætti með hæfilega þéttri byggð, koma fyrir a.m.k. 1000-1500 íbúðum eða um 100-150.000 byggðum fermetrum (miðað við t.d. 100 m² pr. íbúðareiningu). Ef við gefum okkur að byggingaréttur væri þarna seldur á segjum 50 þús. kr. /m² líkt og t.a.m. í Urriðaholti, er hér um 6-7 milljarða verðmæti að ræða! Dyggði bæjaryfirvöldum nokkurn veginn fyrir knattúsinu góða og eins og einum grunnskóla fyrir afganginn. Notabene bærinn fékk þetta land nær gefins frá ríkinu. Hér er ekki aðeins verið að fórna einstöku byggingarlandi fyrir okkur bæjarbúa með einstökum möguleikum til þéttingar byggðar þar sem risið gæti risið allt að 5-6000 mann sjálfbær byggðakjarni á Holtinu öllu. Heldur einnig skv. framansögðu er þar fórnað gríðarlegum verðmætum okkar Garðbæinga á altari fortíðarblætis og sérhagsmuna.

Fulltrúi G-lista Garðbæjarlistans í skipulagsnefnd."

Sigurður Guðmundsson lagði fram eftirfarandi bókun f.h. Meirihluta Sjálfstæðisflokks í skipulagsnefnd:

"Það er vægast sagt sérstakt að koma með bókun sem þessa. Mál koma ýmist fyrst fram í skipulagsnefnd eða eru send skipulagsnefnd frá bæjarstjórn. Þetta er svipað og að gera athugasemd eftir mark í íþróttaleik vegna þess að boltin hafi borist fyrir frá vinstri en ekki hægri. Skipulagsnefnd hefur lögformlegan tilgang samkvæmt skipulagslögum og þar eru öll skipulagsmál í sveitarfélaginu unnin, skipulagsmál eru ekki og verða aldrei gæluverkefni og er svona rakalausri þvælu vísað til föðurhúsana.

Þá er það með eindæmum ósmekklegt að gera athugasemdir við það að skipulagsáætlanir sem samþykktar hafi verið í sveitarfélaginu séu kynntar kjörnum fulltrúum, en líklega

vill minnihluti Garðabæjarlistans lifa í myrkrinu óupplýstir um flest mál og fer það þvert gegn meintum ásetningi þeirra um opin og lýðræðisleg vinnubrögð. Það var af fyrirhyggju sem meirihluti sjálfstæðismanna stóð að kaupum á landi Garðaholts fyrir u.þ.b. 50 milljónir árið 1992. Garðaholtið er um 410 hektarar og þar af er Garðahverfið um 79 hektarar. Það má að sjálfsögðu verðmeta hvern fermetra lands í Garðabæ með tilliti til sölu byggingarréttar og verða ríkur. Verðmæti fyrir bæjarbúa snúast ekki síður um að búa í nálægð við opin svæði þannig að lífsgæða verði sem best notið, opin svæði auka lífsgæði og verðmæti þeirra eigna sem þó eru byggðar á hverjum tíma. Dýrustu byggingar í London og New York eru við Hyde Park og Central Park. Seltjarnarnes sem hefur takmarkað byggingarland hefur lagt áherslu á að halda í opnu svæðin á Gróttu, á Vestursvæðinu þar eru u.þ.b 50 hektarar undir opin svæði.

Þá skýtur það ákaflega skökku við að vísa til einhverra meintra sérhagsmuna í bókuninni, enda ekki gerð minnsta tilraun til að undirbyggja slíka makalaus staðhæfinu. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, hafa í nefndarstörfum bæjarins, bæjarráði og bæjarstjórn haft hagsmuni bæjarins og allra bæjarbúa að leiðarljósi. Það mun verða gert hér eftir, sem hingað til."

2. 2010333 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 7. Breyting á landnotkun v. búsetukjarna í Brekkuás

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 að lokinni forkynningu í samræmi við 2. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Lagðar fram þær ábendingar sem borist hafa á meðan á forkynningu stóð.

Þar koma fram óskir um að umrætt svæði við Brekkuás verði skilgreint sem grænt opið svæði.

Tillagan gerir ráð fyrir því að landnotkunareitur 2.06 S Brekkuás breytist í 2.06 Íb sem er breyting úr svæði fyrir samfélagsþjónustu í svæði fyrir íbúðarbyggð.

Skipulagsnefnd áréttar mikilvægi þess að starfsemi búsetukjarna fyrir fatlað fólk verði valinn góður staður og óbyggða svæðið ofan Brekkuás uppfyllir þau skilyrði með ágætum. Sú tillaga að breyta svæði fyrir leikskóla í einnar hæðar fjölbýlishús og leiksvæði sé ekki íþyngjandi fyrir nágrennið né líklegt að það dragi úr verði aðliggjandi fasteigna.

Skiplagsnefnd vísar breytingartillögunni til auglýsingar í samræmi við 31.gr.

Skipulagslaga nr.123/2010 að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar sbr.3.mgr.30.greinar sömu laga.

3. 2005435 - Búsetukjarni Brekkuás 2, breyting á deiliskipulagi Hraunsholts vestra

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hraunsholts vestra (Ásahverfis) að lokinni forkynningu í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lagðar fram þær ábendingar sem borist hafa á meðan á forkynningu stóð.

Þar koma fram óskir um að leikskólalóð við Brekkuás verði skilgreind sem grænt opið svæði.

Tillagan gerir ráð fyrir því að landnotkunareitur 2.06 S Brekkuás breytist í 2.06 Íb sem er breyting úr svæði fyrir samfélagsþjónustu í svæði fyrir íbúðarbyggð.

Skipulagsnefnd áréttar mikilvægi þess að starfsemi búsetukjarna fyrir fatlað fólk verði valinn góður staður og óbyggða svæðið ofan Brekkuás uppfyllir þau skilyrði með ágætum. Sú tillaga að breyta lóð fyrir leikskóla í lóð fyrir einnar hæðar fjölbýlishús og leiksvæði sé ekki íþyngjandi fyrir nágrennið né líklegt að það dragi úr verði aðliggjandi fasteigna. Auk þess lækkar hámarkshæð byggingar á lóð úr 6 m í 4,5 m og heimilað

byggingarmagn á lóð sem takmarkast af byggingarreit minnkar úr c.a.3000 m² í 1000 m².

Skiplagsnefnd vísar breytingartillögunni til auglýsingar í samræmi við 2.mgr. 43.greinar og 41.grein Skipulagslaga nr.123/2010. Tillagan skal auglýst samhliða tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til sama svæðis.

4. 2008336 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 5. Urriðaholt 5.04 Vp.

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til landnotkunarreits Urriðaholt,viðskiptastræti 5.04 VP að lokinni auglýsingu í samræmi við 31.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

Tillagan var auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi Urriðaholts norðurhluta 4 og var í kynningu frá 11.desember 2020 til 22.janúar 2021.

Athugasemdir bárust frá íbúum við Urriðaholtsstræti og eru þær lagðar fram.

Starfsmenn tækni-og umhverfissviðs og Alta ehf hafa fundað með fulltrúum húsfélagsins og farið yfir tillögurnar og athugasemdirnar.

Í skipulagsákvæði gildandi aðalskipulags segir:

Megináhersla á atvinnuhúsnæði.

Hámarkshæð húsa 4-5 hæðir,Uppbygging skv. deiliskipulagi.

Tillaga að breytingu skipulagsákvæða:

Megináhersla á atvinnuhúsnæði, en íbúðarbyggð heimil. Íbúðarhúsnæði sé innan við 50% af heildarbyggingarmagni reitsins.

Hámarkshæð húsa 4 -5 hæðir, Uppbygging skv. deiliskipulagi.

Í athugasemd er lagt til að hámarkshæð verði 4 hæðir. Skipulagsnefnd telur að við mótun deiliskipulags sé hægt að taka tillit til útsýnis frá aðliggjandi byggð þó svo að einhver hluti bygginga sé 5 hæðir þar sem landnotkunarreiturrinn hallar til norðurs.

Tillagan er því samþykkt óbreytt sem breyting Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 í samræmi við 1.mgr.32.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

5. 1811125 - Urriðaholt Norðurhluti 4 - deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 4 að lokinni auglýsingu í samræmi við 41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

Deiliskipulagstillagan nær til svæðis fyrir nýja íbúðabyggð og atvinnustarfsemi norðan við Urriðaholtsstræti, auk útivistarsvæðis næst Flóttamannavegi. Hluti af deiliskipulagstillögunni er endurskoðun á deiliskipulagi fyrsta áfanga Urriðaholts, sem kallað er Viðskiptastræti og náði yfir húsin næst gatnamótum Urriðaholtsstrætis og Holtsvegur. Hæðir húsa á skipulagssvæðinu verða á bilinu 4-6 hæðir. Fjöldi íbúða verður 218 (36 þegar byggðar), og atvinnuhúsnæði verður um 48.000 m² (um 11.000 þegar byggt eða í byggingu).

Tillagan var auglýst samhliða tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til sama svæðis og var í kynningu frá 11.desember 2020 til 22.janúar 2021.

Athugasemdir bárust frá íbúum við Urriðaholtsstræti og eru þær lagðar fram.

Starfsmenn tækni-og umhverfissviðs og Alta ehf hafa fundað með fulltrúum húsfélagsins og farið yfir tillögurnar og athugasemdirnar.

Gerðar eru athugasemdir við hæðafjölda bygginga og skerðingar á útsýni til norðurs frá fjölbýlishúsum við Urriðaholtsstræti.

Skiplagsnefnd bendir á að með nýju deiliskipulagi verði byggingar fjær byggð við vestanvert Urriðaholtsstræti og þar að auki lægri en gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir. Breytingarnar séu því verulega til bóta hvað varðar útsýni frá aðliggjandi byggð.

Skiplagsnefnd leggur til að komið verði til móts við athugasemdir um útsýnisskerðingu

með því að bil milli húshluta verði 2 hæðir og ekki gert ráð fyrir tengingum milli húshluta á 3.og 4.hæð.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna sem deiliskipulag Urriðaholts Norðurhluta 4 með ofangreindri breytingu í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Einnig samþykkt umhverfisskýrsla sem er hluti af tillögunni í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Við gildistöku deiliskipulags Norðurhluta 4 fellur deiliskipulag Urriðaholts Viðskiptastrætis úr gildi.

6. 1912215 - Urriðaholt Viðskiptastræti - fellt úr gildi

Athuga að auglýsa í b-deild niðurfellingu, þegar hitt tekur gildi

Lagt fram gildandi deiliskipulag Urriðaholt, 1.ágangi, Viðskiptastræti sem samþykkt var í bæjarstjórn 2.október 2008. Við gildistöku deiliskiplags Urriðaholts norðurhluta 4 fellur þetta deiliskipulag úr gildi.

7. 2102057 - Hólmatún 25 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram byggingarleyfisumsókn sem gerir ráð fyrir gróðurhúsi 3x4,5 m að grunnfleti (13,5 m²) á parhúslóðinni Hólmatún 25. Fyrir er á lóðinni smáhýsi sem er um 8 m² að grunnfleti.

Ekki er kveðið á um smáhýsi í deiliskipulagi Hólmatúns.

Þar sem að um annað smáhýsi á lóð er að ræða leggur skipulagsnefnd til að gerð verði sú breyting á deiliskipulagi Hólmatúns sem nær til lóðar nr.25 að heimilt verði að reisa allt að tvö smáhýsi sem séu ekki stærri en 20 m² að samanlögðu flatarmáli.

Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Hólmatúns í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga.

Grenndarkynna skal eigendum Hólmatúns 6,8,10,10a,23a,24,26 og 29.

Áður en grenndarkynning er framkvæmd skal samþykki eigenda hins hluta parhússins liggja fyrir.

8. 2012104 - Alþjóðaskólinn. Breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda

Afgreiðslu málsins frestað.

9. 2102132 - Stekkjarflöt 25 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir viðbyggingum við framhlið og bakhlið húss sem fara út fyrir byggingarreit.

Þar sem að gatan liggur í sveig við enda hennar skapast svigrúm að mati nefndarinnar fyrir hógværa viðbyggingu við framhlið.

Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Flata í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga.

Grenndarkynna skal íbúum Stekkjarflatar 20,21,22 og 23 og Smáraflatar 20 og 22.

10. 2012115 - Smáraflöt 12 Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Grenndarkynningu lýkur 20.02.21

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Flata að lokinni grenndarkynningu.

Athugasemdir sem borist haf lagðar fram.

Vísað til skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði.

11. 2011349 - Bakkaflöt 12 - dsk breyting

Grenndarkynningu lokið, engar athugasemdir

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Flata sem nær til lóðarinnar Bakkaflatar 12 að lokinni grenndarkynningu.

Tillagan gerir ráð fyrir að nýtingarhlutfall sé aukið úr 0,45 í 0,51. Þau rými sem auka nýtingarhlutfall eru í kjallara. Tillaga gerir einnig ráð fyrir því að hámarkshæð hækki um 70 cm úr 4,2 m í 4,9 m.

Engar athugasemdir bárust.

Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Flata.

12. 2012070 - Arnarnes-dsk-breyting, Mávanes og Blikanes byggingarreitir

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Arnarness sem nær til húsa við Mávanes og Bliknes að ofanverðu að lokinni forkynningu 3.mgr.40.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Lögð fram ábendingar frá eigendum húsa við báðar götur þar sem að tillögunni er mótmælt.

Með vísan í framlagðar ábendingar mælir skipulagsnefnd með því að tillagan verði dregin til baka.

13. 2102539 - Blikanes 9 - Frágangur á lóð -Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir viðbótar bílastæði að götu í vesturhluta lóðar.

Vísað til skoðunar hjá tækni og umhverfissviði.

14. 2007640 - Frjóakur 9 - Umsókn um byggingarleyfi

Málinu vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

15. 2101295 - Espilundur 3 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir stækkuðum byggingarreit í samræmi við umsókn um byggingarleyfi.

Skipulagsnefnd metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Lunda í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga.

Grenndarkynna skal eigendum Espilundar 1,2,4,5 og 6 og Víðilundar 2, 4 og 6.

16. 2101220 - Smáraflöt 4 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir byggingu að lóðarmörkum sem er 11,8 m að lengd. Deiliskipulag heimilar 7,5 m.

Auk þess er gert ráð fyrir opnu bílskýli framan við bílageymslu.

Skipulagsnefnd metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Flata í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga.

Grenndarkynna skal eigendum Smáraflatar 1,2,4,5 og 6 og Stekkjarflatar 5,7 og 9.

17. 2002267 - Hraungata 7 - DSK breyting

grenndarkynningu lýkur 01.03.21

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta sem nær til fjölbýlishúslóðarinnar Hraungata 7 að lokinni grenndarkynningu. Innsendar athugasemdir lagðar fram.

Vísað til skoðunar hjá deiliskipulagsráðgjafa og tækni og umhverfissviði.

18. 2103095 - Urriðaholt norðurhluti 3. Deiliskipulagsbreyting. Háholt - Vinastræti.

Stefán Veturliðarson fyrir hönd Oddfellow-reglunnar og Björn Guðbrandsson arkitekt hjá Arkís kynntu hugmyndir um breytingar á deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 3 sem ná til háholtsins og bygginga á óbyggðum lóðum við Vinastræti. Vísað til skoðunar hjá tækni og umhverfissviði.

19. 2010384 - Hönnun - Útboð - Kumlamýri - gatnagerð og veitur

Lögð fram umsókn tækni- og umhverfissviðs Garðabæjar fyrir gatnagerð og lagna í Kumlamýri á Álftanesi.

Samþykkt deiliskipulag fyrir Kumlamýri á Álftanesi gerir ráð fyrir uppbyggingu á fimm sérbýlishúsakjörnum á um fimm hektara svæði, með samtals 40 nýjum parhúsalóðum. Verkið felst í nýbyggingu gatna, stíga og gangstétta, lagningu fráveitukerfis, ræsa og mótun ofanvatnsrása. Verktaki skal einnig annast alla vinnu við lagnir veitufyrirtækja á svæðinu.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis í samræmi við 13.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

20. 2004123 - Hönnun - Útboð - Skólpdælustöð Breiðumýri

Lögð fram umsókn tækni-og umhverfissviðs Garðabæjar um framkvæmdarleyfi fyrir skólpdælustöð í Breiðumýri milli Lambamýrar og Hestamýrar.

Nýsamþykkt deiliskipulag fyrir Breiðumýri á Álftanesi gerir ráð fyrir uppbyggingu á níu 1-3 hæða fjölbýlishúsakjörnum á um 10,9 hektara svæði. Í framkvæmd er uppbygging á nýju fráveitukerfi svæðisins og er bygging skólpdælustöðvarinnar hluti af því. Ný dælustöð leysir af núverandi skólpdælustöð sem verður aftengd og rifin.

Um er að ræða gröft á lausum jarðlögum ásamt losun og gröft á föstum jarðlögum, dælingu á jarðvatni, uppsteypu á dælustöð,frágang á fráveitutengingum og grjótgildrubrunni í lóð, uppsetningu búnaðar og fullnaðarfrágang á húsi og lóð.

Gert er ráð fyrir fyrir skólpdælustöðinni í deiliskipulagi Breiðumýrar.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis fyrir skólpdælustöð í Breiðumýri í samræmi við 13.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

21. 1806404 - Stígur í Garðahrauni efra sunnan Flata

Lögð fram umsókn tækni-og umhverfissviðs fyrir framkvæmdaleyfi fyrir lagningu útivistarstígs(aðalstígs skv.deiliskipulagi) í Garðahrauni efra frá núverandi stíg milli Molduhrauns og Flata að Bæjargarði við Garðfit. Einnig fyrir hliðarstíg frá þeim stíg við norðurmörk Molduhrauns að vegstæði fyrirhugaðs Álftanesvegar.

Stígurinn er innan fólkvangsins í Garðahrauni efra og Bæjargarðs og á sér stoð í deiliskipulagsáætlunum fólkvangsins og bæjargarðsins.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis fyrir útivistarstíginn í samræmi við 13.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 með fyrirvara um samþykki Umhverfisstofnunar.

22. 2102454 - Borgarlína - Forkynning. Rammahluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030/40. 1. lota Borgarlínunnar | Ártún ? Fossvogsbrú. Vinnslutillaga í forkynningu

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna.

23. 2102372 - Borgarlínan - Forkynning á vinnslutillögu fyrir breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og Reykjavíkur 2010-2030.

Skipulagsnefnd vísar til bókunar frá síðasta fundi sínum vegna tillagna um breytingar á deiliskipulag og aðalskipulagi Kópavogs vegna Traðarreits og Hamraborgar.

Þar segir: Skipulagsnefnd Garðabæjar leggur áherslu á að tillögurnar taki tillit til þess

með hvaða hætti leiðir Borgarlínunnar til austurs og vesturs og norðurs og suðurs tengist saman á skilvirknan og skynsamlegan hátt og þá í sömu hæðarlegu. Einnig leggur nefndin áherslu á að vel unnar umferðarspár- og greiningar verði lagðar til grundvallar með það að markmiði að ekki verði dregið úr afkastagetu Hafnarfjarðarvegar með fyrirhugaðir uppbyggingu í Miðbæ Kópavogs.

Að öðru leyti gerir nefndin engar athugasemdir.

24. 1907242 - Tillaga að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar - Brennisteinsfjöll

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.

25. 2102036F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 2

Lögð fram.

25.1 2102205 - Miðsvæði Álftanes - Breiðumýri - sameining lóða

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 2

Skipulagsstjóri leggur fram tillögu þess efnis að fjölbýlishúsalóðir og bílastæðis/bílageymslu lóðir við Lambamýri, Grásteinsmýri og Hestamýri sameinist í eina sameiginlega lóð. Átæðan er sú að með því móti verði hægara að skrá lóðirnar í þjóðskrá. Skoðun á tækni-og umhverfissviði leiðir í ljós að skynsamlegt sé að gera þessa breytingu. Lóðirnar Lambamýri 1, 3 og 5 sameinast við bílageymslulóð og nefnist Lambamýri 1,3og 5. Lóðirnar Grásteinsmýri 1, 3 og 5 sameinast við bílageymslu/bílastæðislóð og nefnist Grásteinsmýri 1,3og 5. Lóðirnar Hestamýri 1, 3 og 5 sameinast við bílageymslu/bílastæðislóð og nefnist Hestamýri 1,3og 5.

Skipulagsstjóri metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Breiðumýrar í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

Þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en lóðarhafa og sveitarfélagsins er grenndarkynning felld niður sbr.4.mgr.44.gr.sömu laga.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

25.2 2102132 - Stekkjarflöt 25 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 2

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir viðbyggingu við framhlið húss sem nær út fyrir byggingarreit.

Sækja þarf um breytingu deiliskipulags Flata sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits sem lögð verður fyrir skipulagsnefnd.

25.3 2101314 - Goðatún 16 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 2

Fyrirspyrjandi óskar eftir leiðbeiningu varðandi næstu skref ef núverandi garðskáli götumegin húss verði rifinn og varanleg viðbygging reist í hans stað. Nýtingarhlutfall hússins er í dag 0,34 en yrði 0,38 þegar viðbyggingin yrði reiknuð til nýtingarhlutfalls. Samkvæmt deiliskipulagi skal nýtingarhlutfall ekki vera hærra en 0,3.

Þar sem að umfang byggingarinnar eykst ekki meira við þessa breytingu en verið hefur undanfarna áratugi og tekið er fram í deiliskipulagi að ákvæði þess eigi einkum við ef hús er fjarlægð og ný byggð er það svar skipulagsstjóra að hann lítur ekki svo á að ástæða sé til þess að sækja um deiliskiplagsbreytingu vegna þessarar breytingar á húsinu.

25.4 2009325 - Tunguás 8 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 2

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags að lokinni grenndarkynningu í samræmvi við 2.mgr.43.gr. og 44.gr. Skipulagslaga nr.123/2010. Engar athugasemdir bárust. Deiliskipulagsbreytingin skoðast því samþykkt.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

25.5 2101283 - Fluguvellir 1 - Hesthús viðbygging Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 2

Lögð fram fyrirspurn um það hvort heimilað verði að reisa viðbyggingu við húsgafl í átt að næsta húsi.

Samkvæmt skilmálum 3.1.3. segir að byggingarreitur lóðarinnar getur orðið allt að 24 m langur sem jafngildir því að 4 metrar séu frá húsgafl að lóðarmörkum. Núverandi hús eru yfirleitt í 5 m fjarlægð frá lóðarmörkum.

Í hverfinu og í deiliskipulagi er fjarlægð milli húsgafla hvergi styttri en 8-10 metrar.

Skipulagsstjóri telur ekki æskilegt að bil á milli húsgafla verði þrengra en skipulag kveður á um og að breytingin yrði fordæmisgefandi fyrir allt hesthúsahverfið.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

25.6 2101295 - Espilundur 3 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 2

Lögð fram umsókn lóðarhafa um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir því að byggingarreitur stækkar til austurs um 1,6 m og til suðurs um 3 m.

Skipulagsstjóri vísar umsókninni til skipulagsnefndar.

25.7 2011516 - Suðurhraun 2a - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 2

Fyrir hönd lóðarhafa spyr arkitekt hvort mögulegt sé að leggja gangstétt á milli lóðarmarka og byggingarreits fyrir viðbyggingu. Samkvæmt fyrri fyrirspurn yrðu um 3 metrar frá byggingarreit að lóðarmörkum Suðurhrauns 4. Á þeirri hlið viðbyggingar yrðu gönguhurð/rýmingarleið en ekki vöruaðkoma.

Svar: Ekki er gerð athugasemd við útfærslu með þessum hætti. Sækja þarf um breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns og henni þarf að fylgja samþykki annarra eigenda og/eða húsfundar að Suðurhrauni 2.

25.8 1902062 - Víkurgata 17 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 2

Lögð fram umsókn um breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir útigeymslu utan byggingarreits og á bak við stoðvegg. Með vísan í aðrar sambærilegar umsóknir í Urriðaholti er tillagan metin sem óveruleg breyting deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

Tillagan skal grenndarkynnt eigendum Víkurgötu 6, 8 10, 15 og 19.

25.9 2101445 - Kinnargata 92 - A og B rými og bílakjallari - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 2

Lögð fram fyrirspurn arkitekts fyrir hönd lóðarhafa þar sem spurt er um skilgreiningu A og B rýma annarsvegar og hinsvegar hvor hvort heimilað verði að stækka byggingarmagn niðurgrafinnar bílageymslu.

Umsögn deiliskipulagshöfundar lögð fram en þar er atriðum varðandi A og B rými svarað og ekki er gerð athugasemd við stækkun niðurgrafinnar bílageymslu.

Sækja þarf um breytingu deiliskipulags þar sem fram kemur með hvaða hætti útfæra skal stækkun bílageymslu.

26. 2103018F - afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 3

Lögð fram.

26.1 2103068 - Sunnuflöt 17 - dsk breyting

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3

Lögð fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir því að byggingarreitur fyrir efri hæð stækki til suðurs um 85 cm. Ástæða umsóknarinnar er tillaga að útfærslu breytinga á einbýlishúsinu.

Skipulagsstjóri metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Flata í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga.

Grenndarkynna skal eigendum Sunnuflatar 15,18,19,20 og 22 sem og Markarflatar 16 og 18.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017.

26.2 2102296 - Austurhraun 7 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3

Lögð fram fyrirspurn um deiliskipulagsbreytingu þar sem spurt er um hvort heimilað verði að stækka byggingarreit fyrir viðbyggingu á vesturhlið. Lagt fram erindi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sem telur að rými sé nægjanlegt á milli byggingar og lóðarmarka til þess að slökkvilið hafi greiða aðkomu. Þó verði að fjarlægja tré sem eru við lóðarmörk á þessum stað.

Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Molduhrauns í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum Austurhrauns 5 og 9 og Miðhrauns 11. Samkomulag um að tré á nágrannalóð verði fjarlægð eða klippt þarf að liggja fyrir.

Gera skal ráð fyrir því að akstursleið milli húss og lóðarmarka sé greið.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017.

26.3 2102540 - Kinnargata 26- breyting á þaki - deiliskipulag - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3

Lögð fram fyrirspurn um útfærslu á þaki einbýlishússins að Kinnargötu 26. Spurt er hvort dúkur/pappi verði heimilaður sem ysta byggingarefni á þaki. Með vísan í afgreiðslu skipulagsnefndar á Víkurgötu 23 telur skipulagsstjóri að þakpappi getur vel verið í samræmi við markmið deiliskipulagsins um gott yfirbragð byggingar ef vandað er til útfærslunnar og að litur sé í gráskala. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis fyrir Kinnargötu 26 verði vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar hvað þakpappa/þakdúk sem ysta byggingarefni varðar.

26.4 2101090 - Kinnargata 47 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3

Lögð fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir hækkun gólfkóta. Vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar og gatnahönnuðar.

26.5 2011212 - Mariugata 13 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3

Lögð fram byggingarleyfisumsókn sem gerir ráð fyrir hækkun gólfkóta á bílageymslu Mariugötu 15.

Hæð á bílageymslu samkvæmt hæðarblaði er 74,85. Óskað er eftir að hækka bílageymslu um 45 cm í kóta 75,3.

Rökin fyrir því að hækka skúrinn er hæð gólfkóta Mariugötu 15 og staðsetningu bílastæðis hreyfihamlaðra við aðalinngang. Tryggja þarf lágmarkshalla í bílastæði fatlaðra að aðalinngangi.

Álit gatnahönnuðar liggur fyrir og hann gerir ekki athugasemd við hækkun kóta um 45 cm. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað hækkun á gólfkóta um 45 cm varðar (úr 74,85 mys í 75,3 mys)í bílageymslu Mariugötu 15. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

26.6 1911231 - Víkurgata 16 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3

Lögð fram umsókn um breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta sem gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir útigeymslu á bak við stoðvegg að lóðarmörkum.

Skipulagsstjóri metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar.

Grenndarkynna skal eigendum Víkurgötu 14, 18, 23 og 25 og Keldugötu 9 og 11.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
28. fundur 2021

Fimmtudaginn 4. mars 2021 kl. 08:15 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrunn Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Ágúst Frímann Jakobsson fulltrúi skólastjóra, Silja Kristjánsdóttir fulltrúi kennara, Hjörtur Jónsson fulltrúi foreldra og Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2102516 - Þróunarsjóður grunnskóla - vefsíða

Upplýsingastjóri Garðabæjar kynnti nýja vefsíðu Þróunarsjóðs leik- og grunnskóla Garðabæjar. Nefndarmenn lýsa ánægju með vefsíðuna.

2. 2012042 - Skólastefna Garðabæjar 2020

Farið var yfir stöðu á vinnu við endurskoðun nýrrar skólastefnu. Vinna við endurskoðun stefnunnar er skv. áætlun.

3. 2102506 - Kynningar og innritun í grunnskóla 2021

Farið yfir innritunarferli og fyrirkomulag kynninga sem standa yfir 8.- 12. mars 2021.

4. 2102145 - Skóladagatal leik- og grunnskóla 2021 til 2022

Lagt fram til kynningar og samþykktar. Skólanefnd bendir á að faglegar forsendur liggja til grundvallar við gerð skóladagatals og reynt er að tryggja að skipulagsdagar grunnskóla falli ekki ítrekað á sömu vikudaga.

5. 2102515 - Skólamatur í grunnskólum

Farið yfir stöðu Skólamatar í grunnskólum Garðabæjar.

6. 2010048 - Skólahjúkrunarfræðingar í grunnskólum Garðabæjar

Farið var yfir stöðu skólahjúkrunarfræðinga í grunnskólum Garðabæjar. Nefndin óskar eftir að fulltrúi Heilsugæslu Garðabæjar komi á fund nefndarinnar að hausti við upphaf skólaársins 2021-2022.

7. 2101175 - Ráðning skólastjóra

Farið var yfir umsóknarferil við ráðningu nýs skólastjóra í Sjólandsskóla.

8. 2012379 - Áskorun til sveitarfélaga um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum

Áskorun frá Samtökum grækera á Íslandi lögð fram til umfjöllunar. Í grunnskólum Garðabæjar er lögð áhersla á fjölbreytt fæði þar sem grænmeti og ávextir eru á boðstólum fyrir börn á hverjum degi.

9. 2102035 - Tillaga um nýtingu húsnæðis að Garðatorgi 1 fyrir starfsemi Hönnunarsafns Íslands og fjölbreytta menningarstarfsemi.

Tillaga lögð fram til kynningar og umfjöllunar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
30. fundur 2021

Miðvikudaginn 10. mars 2021 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2102073 - Umsögn um drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfisins - Breyting á úrgangslöggjöf

Lagt fram.

2. 1907242 - Tillaga að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar - Brennisteinsfjöll

Lagt fram.

3. 1701151 - Uppgræðsla á beitarhólfi í Krísuvík

Frá Landgræðslu ríkisins barst áfangaskýrsla um uppgræðslu í beitarhólfi í Krísuvík árið 2020 og áætlun fyrir árið 2021 ásamt styrkbeiðni. Umhverfisnefnd samþykkir styrkbeiðnina.

4. 2103110 - Loftgæði umhverfisvöktun

Tvær skýrslur sem Efnagreining á Keldnaholti vann fyrir heilbrigðiseftirlitið lagðar fram. Umhverfisnefnd leggur áherslu á að loftgæðamælingar verði hafnar í Garðabæ og að samstarfi verði komið á við SSH um samræmdar loftgæðamælingar á höfuðborgarsvæðinu.

5. 2103161 - Umgengisreglur í friðlandi

Linda Björk Jóhannsdóttir kynnti ábendingar sem Garðabær hefur fengið og mikilvægi þess að gera umgengisreglur í friðlöndum í Garðabæ aðgengilegar.

6. 2103164 - Hreinsunaráttak 2021

Umhverfisnefnd leggur til að hreinsunaráttakið og vorhreinsun lóða verði með sama sniði og undanfarin ár.

7. 2009072 - Sorphirða í Garðabæ

Drög af útboðsgögn vegna sorphirðuútboðs lögð fram.

8. 2103179 - Yrkjurgróðursetning Skógræktarfélagið

Erindi skógræktarfélags Garðabæjar um vöntun á landsvæði til yrki gróðursetningar lagt fram. Umhverfisnefnd mun leitast við að fundið verði landsvæði fyrir yrki gróðursetningar..

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.



Stjórn SSH 521. fundur

Mánudaginn 1. mars 2021, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Málefni skíðasvæðanna - Framkvæmdir á skíðasvæðunum / málsnr. 1501005

Framhald umræðu frá 520. fundi stjórnar SSH. Á 516. fundi stjórnar SSH var skrifstofu SSH falið að vinna að viðauka við Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018, til samræmis við framlagðar tillögur verkefnahóps um breytta tíma- og kostnaðaráætlun. Umræddur viðauki hefur nú verið samþykktur á vettvangi allra hlutaðeigandi sveitarfélaga. Í bókun bæjarráðs Mosfellsbæjar, dags. 17. desember 2017 segir þó: *Bæjarráð Mosfellsbæjar leggur áherslu á að framkvæmdum við endurnýjun skíðalyftu í Skálafelli verði ekki frestað. Stólalyftan í Skálafelli er orðin mjög gömul og byggir á gamalli tækni. Mjög brýnt er að endurnýja hana sem fyrst. Bæjarráð samþykkir þó þá áætlun sem hér liggur fyrir um uppbyggingu á skíðasvæðunum en óskar eftir því við aðildarsveitarfélög að það verði skoðað alvarlega að seinka ekki endurnýjun stólalyftunnar í Skálafelli. Er þess óskað að allra leiða verði leitað til að endurnýjun hennar verði ekki seinkað. Á grundvelli ofangreinds viðauka, og minnisblaðs verkefnahópsins, sem lagt var fyrir 516. fund stjórnar, hafa nú verið gerðir viðaukar við upphafleg útboðsgögn, og eru þeir meðfylgjandi. Kynningar hafa farið fram í bæjarráðum Kópavogs og Hafnarfjarðar, en ákveðið var á 520. fundi stjórnar að bjóða uppá frekari kynningar vegna útboðsferilsins. Þá liggur fyrir að útboðsferli verði endurræst í formi samkeppnisútboðs á grundvelli framangreinds. Gestir fundarins undir þessum lið eru Einar Kristján Stefánsson frá VSÓ og Margrét Lilja Gunnarsdóttir, innkaupaskrifstofu Reykjavíkur.*

Niðurstaða fundar:

Stjórn heimilar að hefja samkeppnisútboð á grundvelli e. liðar 2. mgr. 33. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016, í samræmi við fyrirbyggjandi gögn, þ.e. Invitation to Tender nr. 14347 ásamt fyrirbyggjandi viðaukum, auk tíma- og kostnaðaráætlunar sem samþykkt hefur verið með Viðauka II við “Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins” frá 7. maí 2018.

2. Málefni skíðasvæðanna - Framkvæmdir á skíðasvæðunum - / málsnr. 1501005



Fyrirliggjandi eru bókanir frá bæjarráðum Kópavogs og Seltjarnarness, þar sem er hvatt til þess að farið verði í hraða uppbyggingu til bætingar aðstöðu fyrir gönguskiðafólk á skíðasvæðunum. Einnig er fyrirliggjandi fyrirspurn Theódóru S. Þorsteinsdóttur, bæjarfulltrúa í Kópavogi varðandi það hver þáttur skíðagöngu sé í uppbyggingu á skíðasvæðunum. Lagt er til að ofangreindu verði vísað til umræðu í samráðshópi skíðasvæðanna og tekið fyrir á ný í stjórn SSH að því loknu.

Niðurstaða fundar:

Ofangreindu er vísað til umsagnar samstarfsnefndar skíðasvæðanna ásamt beiðni um að jafnframt verði kannaðir möguleikar á að byggja upp aðstöðu til gönguskiðaiðkunar víðar á höfuðborgarsvæðinu en á Bláfjallasvæðinu.

3. Borgarlínan - fjármál / málsnr. 2001005

Mánaðarskýrsla Borgarlínu vegna desember 2020 auk mælaborðs með yfirliti yfir framgang verkefna 2019-2020 frá KPMG lögð fram. Framkvæmdastjóri SSH kynnir.

4. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Gestir fundarins undir þessum lið eru Davíð Þorláksson framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf. og Birgir Björn Sigurjónsson frá Reykjavíkurborg. Eftirfarandi er til umræðu:

- a) Lagt er fram til kynningar yfirlit yfir fjárflæði frá sveitarfélögunum á árinu 2020 vegna Samgöngusáttmálans. Framkvæmdastjóri SSH kynnir færsluyfirlit frá sveitarfélögunum til Samgöngusáttmálans.
- b) Umræða um eftirstöðvar framlaga sveitarfélaga til Samgöngusáttmálans vegna 2019. Fyrirliggjandi er yfirlit greiðslna frá einstökum sveitarfélögum vegna áruna 2019-2020. Framkvæmdastjóri SSH kynnir stöðu eftirstöðva og tillögur að greiðslufyrirkomulagi vegna þeirra. Davíð Þorláksson kynnir yfirlit væntrar fjárfestingarþarfar Betri samgangna ohf. á árunum 2021 og 2022.
- c) Fjárhagsskipan Betri samgangna ohf. Framhald umræðu frá 520. fundi stjórnar SSH. Birgir Björn Sigurjónsson kynnir þá skoðun sem nú stendur yfir á vettvangi sveitarfélaganna varðandi það hvaða leið benti best við veitingu fjármagns til Betri samgangna ohf. á grundvelli Samgöngusáttmálans. Áfram verði unnið að skoðun fjárhagsskipunar Betri samgangna ohf.

Gunnar Einarsson formaður fer af fundi og Haraldur Sverrisson varaformaður tekur við fundarstjórn.

5. Stafræn þjónusta og stafrænt ráð sveitarfélaga / málsnr. 2012003

Framhald frá umræðum 516. og 519. fundar stjórnar SSH um samstarf um stafrænt ráð sveitarfélaga. Föstudaginn 26. febrúar sl. stóð SSH einnig fyrir kynningar- og umræðufundi um



stafræna þjónustu sveitarfélaga fyrir kjörna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu. Gestur fundarins undir þessum lið er Áslaug Hulda Jónsdóttir.

Eitt af sóknaráætlunarverkefnum SSH árið 2020 fól í sér að kortleggja stöðu og framtíðaráform við þróun stafrænnar stjórnsýslu hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Í starfi verkefnahópsins (starfsmenn sveitarfélaganna í stafrænni þróun) sem stofnaður var vegna verkefnisins hefur glöggð komið fram mikilvægi áframhaldandi samtals- og samvinnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á sviði stafrænnar umbreytingar. Fyrir utan hina mikilvægu samvinnu og samráð á milli stjórnenda upplýsingamála geta pólitískir fulltrúar átt sterkt faglegt bakland í hópum þegar kemur að þátttöku í stefnumótun, útfærslu áætlana um stafræna umbreytingu í sveitarfélögunum og ekki síst hið nauðsynlega og mikilvæga samtal stefnumótun Íslands um stafræna þjónustu.

Þá hefur Samband íslenskra sveitarfélaga lagt fram tillögur um samvinnu í stafrænum umbreytingarverkefnum hjá sveitarfélögunum í landinu. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru þátttakendur í þeirri vegferð. Fulltrúi SSH í stafrænu ráði sveitarfélaganna á vettvangi Sambandsins er Áslaug Hulda Jónsdóttir. Í fyrrgreindri vegferð er einnig gert ráð fyrir því að innan hvers landshluta verði sett upp stafrænt landshlutaráð/samráðshópur.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að hvert sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu tilefni einn úr meirihluta og einn úr minnihluta sveitarstjórnar í stafrænan samráðshóp. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að til sé samráðshópur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem gefur endurgjöf og athugasemdir við þau verkefni sem unnið er að hverju sinni á vettvangi stafræns ráðs sveitarfélaganna. Samráðshópnum til ráðgjafar og stuðnings verður verkefnahópur starfsmanna sveitarfélaganna í stafrænni þróun.

6. Covid-19 / málsnr. 2003006

Umræður um hugsanlega fjarvinnu starfsfólks sveitarfélaganna og mikilvægi þess að samræmdar reglur verði settar á höfuðborgarsvæðinu öllu hvað varðar fjarvinnu.

7. Úrbætur á innviðum / málsnr. 2001001

Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá forsætisráðuneyti, dags. 19. febrúar 2021, þar sem fjallað er um eftirfylgni með átaki um úrbætur á innviðum eftir fárviðri í desember 2019. Meðfylgjandi tölvupóstinum var fréttatilkynning nokkurra ráðuneyta þar sem fram kemur að vel gangi að fylgja eftir úrbótum á innviðum og að samfélagið sé nú betur undirbúið undir slíkt veður. Nánari upplýsingar um átakið er að finna á <http://innvidir2020.is>. Þá liggur skýrsla Verkís, Uppbygging innviða–eftirfylgni 2020, frá febrúar 2021, fyrir fundinum og kynningarglærur forsætisráðuneytisins, dags. 19. febrúar 2021, um eftirfylgni innviðaátaks. Lagt fram til kynningar.

8. Samgönguáætlun 2023-2037 / málsnr. 2102007



Fyrirliggjandi er tölvupóstur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 16. febrúar 2021, þar sem farið er fram á upplýsingar um helstu tækifæri og áskoranir í samgöngum hvers landshluta, stöðumatsskýrslu, vegna Grænbókar samgönguáætlunar. Einnig er fyrirliggjandi glærukynning vegna samráðsfunda landshluta um Samgönguáætlun 2023-2037.

Niðurstaða fundar:

Framangreindu er vísað til formanns og framkvæmdastjóra til útfærslu og afgreiðslu.

9. Betra líf - styrkbeiðni / málsnr. 21002004

Beiðni Betra lífs um styrk til ráðningar næturvarðar á áfangaheimili að Fannborg 4 liggur fyrir fundinum.

Niðurstaða fundar:

SSH geta því miður ekki orðið við beiðninni þar sem ekki er gert ráð fyrir styrkveitingum í fjárhagsáætlun samtakanna.

10. Áskorun landsþings Landssambands hestamannafélaga / málsnr. 2102005

Fyrirliggjandi er áskorun landsþings Landssambands hestamannafélaga til SSH um að setja aukið fé í viðhald og framkvæmd reiðleiða ásamt því að koma að gerð hönnunarleiðbeininga um framkvæmd þeirra, ekki síst í þéttbýli. Lagt fram til kynningar og erindi komið á framfæri við sveitarfélögin. Lagt fram til kynningar.

11. Sundabraut / málsnr. 1908005

Fyrirliggjandi eru bókanir bæjarstjórnar Akraness, 9. febrúar 2021, og sveitarstjórnar Dalabyggðar 11. febrúar 2021, þar sem lýst er jákvæðri afstöðu til fyrirhugaðrar lagningar Sundabrautar og skýrslu þar að lútandi. Lagt fram til kynningar.

12. Greiðslur vegna vinnu í starfshópum / málsnr. 2102009

Umræðu um þennan lið er frestað.

13. Fundadagskrá stjórnar SSH fyrir árið 2021

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að fundaáætlun fastra stjórnarfunda ársins 2021.

Niðurstaða fundar:



Fyrirliggjandi drög að fundaáætlun eru samþykkt.

14. Fundargerðir Fjölsmiðjunnar / málsnr. 1501007

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð fjarfundar stjórnar Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu hinn 3. desember 2020.

15. Fundargerðir samstarfsnefndar skíðasvæðanna

Lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 388. fundar samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 20. janúar 2021.

Fundargerð 389. fundar samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 17. febrúar 2021.

16. Fundargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 67. fundar hinn 11. janúar 2021.

17. Fundargerðir stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar Norðurlandi eystra

Lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 20. fundar, hinn 13. janúar 2021.

Fundargerð 21. fundar, hinn 27. janúar 2021.

Fundargerð 22. fundar, hinn 10. febrúar 2021.

18. Fundargerðir stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 62. fundar, hinn 12. janúar 2021.

Fundargerð 63. fundar, hinn 2. febrúar 2021.

19. Fundargerðir stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 566. fundar, hinn 15. janúar 2021.

Fundargerð 567. fundar, hinn 5. febrúar 2021.

20. Kjarasamningar, stytting vinnuviku / málsnr. 2009002

Framhald umræðu frá fyrri fundum. Verður tekið til áframhaldandi umræðu á næsta fundi.



21. Önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:35

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2021, miðvikudaginn 3. mars 2021 haldinn 390. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn með fjarfundabúnaði og hófst kl. 08:32.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltested Kópavogi og Björg Fenger Garðabæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Rætt um fjárfestingaráætlun fyrir skíðasvæðin. Áframhaldandi umræður á næsta fundi.
2. Rætt um vetrarkort á skíðasvæðum og áréttað að þau eru ekki endurgreidd, þrátt fyrir snjóleysi og ófyrirséða atburði.

Fundi slitið kl. 09:45.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltested
Rúnar Bragi Guðlaugsson
Kristín María Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Björg Fenger

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 3. feb. 2021.

Fundur var fjarfundur kl. 16.00

Mættir: Líf Magneudóttir, formaður, Andri Steinn Hilmarsson, Þorvaldur Örn Árnason, Þórður Ingi Bjarnason, Jóna Sæmundsdóttir, Sigurgestur Guðlaugsson, Guðmundur Grétar Karlsson og Steinunn Árnadóttir.

Einnig sátu fundinn Óskar Sævarsson, René Biazzone og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Starfið í fólkvanginum 2020

Rætt um það helsta í starfsemi fólkvangsins á síðasta ári (ÓS)

Mikið af Íslendingum á ferðinni. Mikið álag í vor sem var ekki gott fyrir svæðið. Rúturnar vantaði en mikil umferð bílaleigubíla í sumar. Nýtt salernishús sett upp í vor.

Vinnuhópur kom í 2 vikur á vegum Umhverfisstofnunar. Unnið var við Eldborg í samvinnu við skipulagssvið Grindavíkur, loka slóða og afmarka bílastæði.

Sinna þurfti kvikmyndaverkefni. Í jarðskjálftanum í okt urðu skemmdir á Djúpavatnsleið.

Einnig hrundi fylla úr Krýsuvíkurbjargi og komu sprungur. Sett var bráðabirgðalokun.

Bláfjallavegi verið lokað en samt hægt að komast fram hjá. Þarf að klára frágang á bílastæði.

Dreift var moltuefni í fólkvanginum sem var plastmengað á vegum Terra í samvinnu við

Gróður fyrir fólk. Fara þarf betur yfir.

Skýrsla landvarðar verður lokið fyrir næsta fund.

Fundi slitið 17:20



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð 99. fundar svæðisskipulagsnefndar

99. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 5. mars 2021 kl. 13:30 á fjarfundi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

Reykjavík:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Marta Guðjónsdóttir

Kópavogsbær:

Helga Hauksdóttir
Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson
Daði Lárusson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson
Harpa Þorsteinsdóttir

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson
Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir
Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

Marianna Hugrún Helgadóttir

Formaður, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, setti fund og stýrði.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Samþykki fundargerðar

Lögð fram til samþykktar 98. fundargerð svæðisskipulagsnefndar dags. 15.01.2021

Niðurstaða:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Helga Hauksdóttir, Bergljót Kristinsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Daði Lárusson, Sigurður Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Ásgeir Sveinsson, Stefán Bergmann, Marianna Hugrún Helgadóttir samþykkja fundargerð og leggja fram svohljóðandi bókun:

„Á síðasta fundi Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 15. janúar, var Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 kynnt. Þróunaráætlunin er samantekt á stöðu húsnæðisupphýggingar og er ekki stefnumótandi skjal. Því var skjalið ekki samþykkt af hálfu svæðisskipulagsnefndar heldur vísað áfram til endanlegrar afgreiðslu sveitarfélaganna. Sú afgreiðsla er í fullu samræmi við gildandi starfsreglur svæðisskipulagsnefndar.“

Sveinn Óskar Sigurðsson samþykkir ekki fundargerð og leggur fram svohljóðandi bókun:



Á 98 fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins undir 3. dagskrárlið er afgreidd þróunaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið án aðkomu fulltrúa Reykjavíkurborgar í nefndinni sbr. fundargerðina sjálfa. Sé vísað í 4. ml., 1. greinar starfsreglna fyrir svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins segir: „Varamenn eru ekki tilnefndir, en við samþykkt tillagna og afgreiðslu mála sem koma til umfjöllunar nefndarinnar skal þess gætt að a.m.k. einn fulltrúi hvers sveitarfélags hafi tækifæri til að greiða atkvæði.“. Ekki er séð að þessu hafi verið gætt við afgreiðslu við ofangreint mál á síðasta fundi. Þess vegna telur fulltrúi Miðflokksins í Mosfellsbæ brýnt að málið sé tekið upp á ný innan nefndarinnar. Að því sögðu getur fulltrúi Miðflokksins í Mosfellsbæ ekki samþykkt fundargerðina.

Marta Guðjónsdóttir leggur fram svohljóðandi bókun:

Tekið er undir bókun fulltrúa M listans varðandi afgreiðslu svæðisskipulagsnefndarinnar á 98. fundi 3. lið. Augljóst er að farið hefur verið á svig við starfsreglur nefndarinnar þegar samþykkt var að þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins yrði send sveitarfélögunum og að nefndin leggi til að sveitarfélögin taki mið af þróunaráætluninni í sínum aðgerðum í skipulags- og byggingarmálum. Í ljósi þess er tekið undir að málið verði tekið fyrir aftur til afgreiðslu í nefndinni enda um þróunaráætlun fyrir allt höfuðborgarsvæðið að ræða og ekki ásatnanlegt að stærsta sveitarfélagið Reykjavík komi ekki að afgreiðslu þeirrar áætlunar. Með ofangreindar staðreyndir í huga getur fulltrúi Sjálfstæðisflokks í Reykjavík ekki samþykkt fundargerðina.

2. Borgarlinan, kynning. Málsnr. 1903002

Kynnt frumdragarskýrsla fyrir fyrsta áfanga Borgarlinu milli Ártúnshöfða í Reykjavík til Hamraborgar í Kópavogi. Hrafnkell Á. Proppé og Hallbjörn Hallbjörnsson frá Vegagerðinni tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

Marta Guðjónsdóttir og Svein Óskar Guðmundsson leggja fram svohljóðandi bókun:

Löng og langorðuð frumdragarskýrsla inniheldur frumdrög en hvorki endanlega niðurstöðu né nákvæmar upplýsingar. Frumdrögin lýsa verkefninu ekki á fullnægjandi hátt. Ekki er gert grein fyrir fyrirhuguðum rekstri og niðurgreiðslum í formi skatta og veggjalda á einstaklinga og atvinnulíf.

Ljóst er að a.m.k. 60 milljarðar verða innheimtir af íbúum höfuðborgarsvæðisins án þess að útfærsla gjalddtöku slíks höfuðborgarskatts liggi fyrir. Sú fjárhæð sem fyrirhugað er að taka úr vösum skattgreiðenda nemur sem samsvarar næstum því nýjum Landspítala. Tíu ára tilraunaverkefni Samfylkingarinnar náði ekki tilsettum markmiðum um hlutfallslega fjölgun notenda Strætó. Upphaflegar áætlanir varðandi bætingu almenningssamgangna hafa því brugðist. Í þessu samhengi má nefna að framkvæmdir við borgarlinu áttu að hefjast 2019 en nú stefnir í að framkvæmdir hefjist heilum fjórum árum síðar.

Almenningssamgöngur eru mikilvægar en þessar, sem hér eru kynntar, eru of kostnaðarsamar. Hér er um að ræða áhættufárfestingu opinbers aðila til að auka byggingamagn og þéttingu byggðar á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að áætlanir um borgarlinu munu ekki leysa þann umferðarvanda sem er á höfuðborgarsvæðinu þar sem hlutur borgarlinu í almenningssamgöngum mun ekki verða nema c.a. 6% til ársins 2040. Þá munu akreinar sem teknar verða af almennri umferð s.s. austan Höfðatúns, Hverfisgötu og Skóthúsvegi auka umferðarvandann enn frekar rétt eins og augljóslega stefnir í á Suðurlandsbraut. Mikilvægt er að þessi sjónarmið séu höfð til hliðsjónar við gerð næstu draga.



Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Helga Hauksdóttir, Bergljót Kristinsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Daði Lárusson, Sigurður Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Ásgeir Sveinsson og Stefán Bergmann leggja fram svohljóðandi bókun:

Gildandi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins tók gildi 2015 og hófst undirbúningur við það árið 2012. Svæðisskipulagið er grunnur þess sem Borgarlína stendur á og mikið fagnaðarefni að verkefnið sé komið jafn langt og raun ber vitni. Einn helsti styrkur Svæðisskipulagsins og Borgarlínu eru sá faglegi grunnur og sú þverpólítíska sátt sem um verkefnið ríkir. Aukin samkeppnishæfni og húsnæðisuppbygging á höfuðborgarsvæðinu er tryggð með uppbyggingu Borgarlínu og ljóst að styrkur svæðisins liggur í samstöðu sveitarfélaganna.

3. Erindi frá aðalfundi SSH 2020 vegna starfsreglna svæðisskipulagsnefndar. Málsnr. 2102006

Lagt fram bréf frá Páli Björgvini Guðmundssyni dags. 16. febrúar 2021 ásamt minnisblaði dags. 11. febrúar 2021 varðandi erindi frá aðalfundi SSH vegna starfsreglna svæðisskipulagsnefndar.

Í bréfi Páls kemur fram að minnisblaðið hafi verið lagt fyrir 520. fund stjórnar SSH dags. 15. febrúar 2021 og eftirfarandi niðurstaða bókud: „Stjórn leggur til við svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins að hún hefji rýni á núgildandi starfsreglum sínum með það að markmiði að endurskoða þær m.a. m.t.t. aukinnar skilvirkni og skýrleika og þess verklags sem nefndin telur best henta starfseminni“.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH, tók sæti á fundinum undir þessum lið.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd ákveður að hefja rýni á núgildandi starfsreglum sínum á grundvelli umrædds minnisblaðs lögfræðings SSH. Jafnframt er óskað eftir aðstoð skrifstofu SSH við þá vinnu og mótun á fyrstu drögum. Boðað verður til vinnufundar svæðisskipulagsnefndar vegna þessa.

Sveinn Óskar Guðmundsson leggur fram svohljóðandi bókun:

Eftir ítrekaðar áréttingar fulltrúa Miðflokksins, oft gegn órökstuddum ákúrum frá einstökum nefndarmönnum, lítur nú loksins út fyrir að nefndin áformi að bæta úr verklagi sínu og stefna að því að fara eftir settum lögum og reglum sem nefndina snertir. Hér liggur fyrir vel unnin og málefnaleg úttekt lögfræðings SSH. Ber að fagna því faglega framtaki sem bæði lögfræðingurinn hefur sýnt og framkvæmdastjóri SSH. Gæðamál og skilvirkni stjórnarsýslulega mikilvægra nefnda skipta miklu máli fyrir fjárfesta, atvinnulíf og síðast en ekki síst almenning. Sama ætti að eiga við um hagsmunaskráningu nefndarmanna og fagaðila sem hafa greiðan aðgang á nefndinni og leggja fram mál sem oft orka tvímælis m.a. vegna augljósra tengsla og hagsmuna. Slíkur aðgangur einstakra aðila virðist jafnvel mun greiðari en stofnanir hins opinbera njóta. Ber að fagna þessu máli og ferli enda ýtti fulltrúi Miðflokksins þessu máli úr vör með erindi á síðasta aðalfundi SSH sem fylgt var eftir með skriflegum athugasemdum sem hér eru nú teknar til skoðunar.

4. Hf Selhraun Suður breyting á Aðalskipulagi Hafnarfj. 2013-2025. Málsnr. 2012005



Lagt fram bréf skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar dags. 16.12.2020 þar sem óskað er eftir umsögn á skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Einnig lögð fram skipulagslýsing dags. nóvember 2020.

Skv. skipulagslýsingu mun fyrirhuguð breyting fela í sér breytingu á landnotkun fyrir lóðirnar Norðurhella 13, 15, 17, 19 og Suðurhelli 12, 14 úr athafnasvæði í blandaða byggð fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að umrætt svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins í maí 2018 en með breytingunni var samþykkt ákvæði sem varða uppbyggingu meðfram þróunarásum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi og deiliskipulagi. Í breytingunni segir m.a. að uppbygging skuli vera samgöngumiðuð (e. transit - oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á þéttingu, blöndun byggðar og að umhverfið sé líðlegt þeim sem fara ferðar sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi. Svæðisskipulagsnefnd bendir jafnframt á að í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna, tafla 2 bls. 36, sem lýsa megináherslum landnotkunar og samgangna sem sveitarfélög útfæra í aðalskipulagi og deiliskipulagi.

5. Sn Búsetukjarni fyrir fatlaða við Kirkjubraut. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi. Málsnr. 2102003

Lagður fram tölvupóstur skipulags- og byggingarfulltrúa Seltjarnarnesbæjar dags. 1.2.2021 þar sem óskað er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin varðar stækkun áíbúðarsvæði ÍB-1 vegna nýrrar lóðar fyrir búsetukjarna fatlaðra við Kirkjubraut.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við lýsingu.

6. Sn Ráðagerði-verslun og þjónusta. Málsnr. 2012006

Lagður fram tölvupóstur skipulags- og byggingarfulltrúa Seltjarnarnesbæjar dags. 26.2.2021 þar sem óskað er eftir umsögn vegna tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarness 2015-2033 í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan felur í sér breytta landnotkun á svæði vestan Bygggarða, þar sem Ráðagerði stendur. Þar er fyrirhuguð veitingasala og gert ráð fyrir auknum bílastæðum.

Svæðisskipulagsnefnd hafði áður ekki gert athugasemd til tillögu á vinnslustigi á 98. fundi nefndarinnar dags. 15.1.2021.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir til tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

7. MOS Helgafellshverfi 5. áfangi aðal- og deiliskipulagslýsing. Málsnr. 2102002

Lagt fram tölvupóstur skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dags. 10.2.2021 þar sem óskað er eftir umsögn vegna skipulagslýsingar um breytingu aðalskipulags og nýtt deiliskipulag, skv. 1. mgr. 40. gr. og 1.mgr.



30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsingin fjallar um áform uppbyggingar 5. áfanga Helgafellshverfis, norðaustast í hverfinu. Um er að ræða 8,5 ha svæði í eigu Mosfellsbæjar. Innan svæðisins er áætluð blöndun fjölbýla og sérbýla. Hverfið tengist nýjum Skammadalsvegi. Áætlaðar eru um 150 einingar innan skipulagssvæðisins auk búsetukjarna fyrir fatlað fólk. Aðalskipulagsbreytingin

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við lýsingu

Ásgeir Sveinsson yfirgaf fundinn kl. 15:48

8. Náttúruvá og skipulagsmál, erindi tekið inn með afbrigðum til umræðu

Fyrir fund óskaði Marta Guðjónsdóttir eftir að erindið tekið yrði til umræðu á vettvangi svæðisskipulagsnefndar.

Niðurstaða:

Fulltrúar í svæðisskipulagsnefnd óska eftir að svæðisskipulagsstjóri skrifi minnisblað um svæðisskipulag og náttúruvá og kynni á næsta fundi nefndarinnar.

Marta Guðjónsdóttir leggur fram svohljóðandi bókun:

Allar forsendur eru brostnar fyrir nýju flugvallarstöði í Hvassahrauni vegna þeirra jarðhræringa sem átt hafa sér stað á svæðinu og þeirrar náttúrvár sem blasir við og því telur fulltrúi sjálfstæðisflokks í nefndinni að verkefninu sé sjálfhætt. Í ljósi þess er lagt til að fallið verði frá öllum hugmyndum um framtíðarstaðsetningu innanlandsflugs í Hvassahrauni. Mikilvægt er að rekstraröryggi Reykjavíkflugvallar verði tryggt í ljósi almannavarnarsjónarmiða þannig að hann geti gegnt öryggishlutverki sínu.

Sveinn Óskar Guðmundsson leggur fram svohljóðandi bókun:

Tekið er heilshugar undir bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks í Reykjavík varðandi hve alvarleg staðan er varðandi stöðu flugsamgangna á svæðinu og þá óvissu sem uppi er. Þarna verður einnig að taka tillit til innviða vegna raforku, hitaveitu og annarra þátta þessu tengdu.

Ekki fleira var gert. Fundi lauk klukkan 16:00